



6 t b l 3 8 á r g d e s e m b e r 2 0 0 3

# Fréttabréf

Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar

## Gleðileg jól

Nú þegar líður að áramótum og lítið er yfir vettvang ársins liggur fyrir að mikið hefur verið lagt af mörkum í hinum ýmsu verkefnum félagsins. Hæst ber þar margumrætt starfsmat. Það má öllum vera ljóst, sem til þekkja, að þar liggur gríðarleg vinna að baki, en þegar í mikið er ráðist þarf að vanda til. Því hefur verið reynst drýgra og seinunnara en lagt var upp með. Þó er von til að fyrir endann sjáist.

Ekki er enn ljóst hvenær unnt verður að launategja starfsmat allra félagsmanna. Fyrir liggur þó, að reynslan af starfsmati þeirra félagsmanna sem lokið er hefur leitt í ljós að matið skilar tilætluðum árangri.

Þátttaka félagsmanna, góður ásetningur þeirra og jákvætt viðhorf í starfsmatsviðtölum hefur lagt mikilvægt lóð á vogarskálarnar til þess að gera það starf sem þó hefur áunnist hingað til mögulegt. Félagið vill því þakka þessar jákvæðu undirtektir um leið og það óskar félagsmönnum sínum gleðilegra jóla og heillaríks komandi árs.

12. des. 2003 J.P.



bls. 2




Jólahugvekja

bls. 3



Aukin íbúðalán

bls. 5



Fólkið í Ráðhúsinu

bls. 8-9



Nýtt Fulltrúaráð

# Hugleiðing á aðventu

## Bergur Felixson

Fyrstu minningar mínar frá því að ég var lítill strákur að alast upp í austurbænum í Reykjavík eru tengdar bröggum á Skólavörðuholti, sandpokavígi á horninu á Freyjugötu og Njarðargötu og skrytnum köllum sem marseruðu með byssu um öxl og voru þar að auki í pilsnum!

Já, það var ýmislegt spennandi fyrir lítinn snáða sem horfði í forundran á þennan stríðsundirbúning, þó ekki kæmi stríðið til Reykjavíkur. Stundum eignaðist maður líka 5 eyring og gat keypt einseyringskúlur út í Lallabúð. En breytingarnar og stóra stökkið sem þjóðin tók í velmegun á síðustu öld er talin hefjast á þessum stríðstímum.

Og jólin voru alltaf sama hátíðin fyrir börnin.

Foreldrar mínir sem ólust báðir upp á fátækum sveitabæ sögðu okkur börnunum frá kertinu sem þau fengu og var álika dýrmætt og Nintendo tölvuspil í dag. Bernskuminningar mínar eru tengdar þeirri spennu og eftirvæntingu, sem móðir mín skapaði á hátíð ljóss og friðar. Á Þorláksmessu lokaðist nefnilega stofan á heimilinu og var lokuð öllum börnum til klukkan sex á aðfangadag, en mamma geymdi lykilinn í svuntuvasanum og stjórnaði aðgerðum á bannsvæðinu.

Þvílík spenna og eftirvænting sem skapaðist hjá lítilli sál, sem á slaginu klukkan sex fékk að líta dýrðina augum; fallega skreytt jólatré með pökkum við fótinn, glæsilega dekkad borð og tindrandi jólaljós út um allt. Þá var sest til stofu og hlustað á aftansöng í útvarpinu. Og manni varð svo hlýtt um hjartaræturnar og sú tilfinning sem kviknaði var kærleikstilfinning, sérstaklega til þeirra sem næst manni stóðu og manni þótti svo undur vænt um. Kærleikstilfinningin er svo sannarlega í anda jólanna og þess boðskapar sem þau flytja okkur.

Oft er rætt um að fylgífiskur nútímans sé auglýsingaskrum, sem villir og tryllir okkur dauðlegar manneskjur. Að sögn höndlum við hamingjuna með kaupum á lúxus á ótrúlega góðu verði og alls kyns tilboðum. Það er himnasæla að setja sig í



skuldaklafa með kortum og tilheyrandi „léttgreiðslum“ það sem eftir er ævinnar. Og aldrei er meira auglýst en á aðventunni.

En hvað um kærleikstilfinninguna? Er hún fokin burt í öllu kaupæðinu? Það held ég ekki, en við þurfum að gæta vel að henni.

Páll postuli sagði forðum: „Keppið að kærleikanum“. Og kærleiksboðorðið sem stendur í Korintubræfinu verður aldrei úrelt og fellur ekki úr gildi: „Þótt ég talaði tungum manna og engla en hefði ekki kærleika yrði ég hljómandi málmur eða hvellandi bjalla. Og þótt ég hefði spádómsgáfu og vissi alla leyndardóma og ætti alla þekkingu og þótt ég hefði svo takmarkalaus trú að færa mætti fjöll úr stað, en hefði ekki kærleika væri ég ekki neitt“ (Kor. 13 1.2).

Kæru félagar í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, ég vil að endingu óska ykkur góðra og kærleiksrika jóla. Í friði Guðs og manna.

**Bergur Felixson**

### Fréttabréf

Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar

Útgefandi:

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar

Grettisgötu 89

105 Reykjavík

Sími: 525 8330 Fax: 525 8339

strv@bsrb.is

www.strv.bsrb.is

Ábyrgðarmaður: Sjöfn Ingólfssdóttir

Ritstjóri: Jakobína Þórðardóttir

Ritnefnd: Guðjón Indriðason, Ragnhildur

Helgadóttir og Örn Erlendsson

Umbrot: Jakobína Þórðardóttir

Prófarkalestur Gunnar Ingi Jónsson

Hönnun: PJE ERR

Prentun: Hjá OSS ehf.

Mynd forsiðu: Bára

# Íbúðalán upp á níutíu af hundraði

Örn Erlendsson

Það er fróðlegt að fylgjast með tauga-veiklun peningapúkanna í Þjóðfélaginu yfir þeirri fyrirætlan Framsóknarmanna að hækka láns hlutfall Íbúðalánasjóðs í 90%. Þeir koma í kapphlaupi í útvörpin, blóðin og sjónvörpin og lýsa því hvernig allt fari til fjandans ef fólk fái 90 % lán. Þeir segja að þá aukist eftirspurn eftir húsnæði svo rosalega að verðið rjúki upp úr öllu valdi og fólkíð ráði ekki við að borga af lánunum.

Að hafa þak yfir höfuðið er ein af grundvallarþörfum okkar, það eru allir sammála um. Að fullnægja þessari grundvallarþörf er alltaf að verða erfiðara og liggja til þess ýmsar ástæður. Ein ástæðan er sú að kröfur fólksins sjálfs eru alltaf að aukast, bæði kröfur til húsnæðisins og til annara lífsins gæða. Önnur ástæða er að kröfur hins opinbera aukast ennþá meira. Kröfur, eftirlit og yfirbygging í byggingaiðnaðinum er komin út í hreinar öfgar. Flest vandamál sem upp komu á byggingavinnustöðum hér áður fyrr, leystu byggingamennirnir sjálfir á staðnum og teiknuðu lausnirnar í lófa sinn eða á naglapakka eða spýtukubb. Nú er engin spurning svo smá að ekki þurfi að kalla saman fund með arkitektum, verkfræðingum, byggingastjóra, meisturum, fulltrúum verkkaupa og verktaka og eftirlitsmönnum. Lóðaverð er svim-

andi hátt og það virðist sem svo að borgaryfirvöldin í Reykjavík geri viljandi og markvisst allt hvað þau geta til að halda uppi þessu háa verðlagi. Þau virðast t.d. passa að fullnægja aldrei eftirspurn eftir byggingalóðum og skapa með því spennu á markaðinum, umfram eftirspurn og þar með yfirverð.

Allt þetta hefur valdið stjórnlausri hækkun á íbúðaverði og fólk getur eiginlega enga björg sér veitt. Það er af sem áður var, þegar fólk gat hjálpað sér sjálft með ýmsa hluti. Þótt maður væri ekki sjálfur smiður eða múrari eða pípari, gat maður alltént handlangað í þá og kannske gert við bílinn þeirra eða lagað þvottavélina þeirra eða tekið krakkana þeirra í aukátíma eða saumað á þá flik í skiptivinnu. Nú getur enginn gert neitt sjálfur, og má það ekki þó hann gæti, en verður að beygja sig undir aðstæðurnar og taka lán fyrir heila klabbinu. 65-70% frá íbúðalánasjóði, eitthvað frá lífeyrissjóði og/eða viðskiptabanka og það sem á vantar með yfirdrætti á bankareikningnum og með vanskilum hingað og þangað.

Þetta finnst peningapúkunum í Þjóðfélaginu gott fyrirkomulag, því yfirdráttarvextir og vanskilavextir, innheimtulaun og fittkosnaður eru blóðpeningar sem þeim þykir vænt um, enda koma þeir fram hver um



annan þveran og siga fram hagfræðingum, lögfræðingum, háskólaprófessorum og fjármálaspekingum til að segja okkur hvað það sé slæmt fyrir okkur að fá 90% lán úr alvöru íbúðalánakerfi og í þokkabót með sannaðgjörnum vöxtum. Já, það er von þeir láti illa, því það er hætt við að þeir missi spón úr askinum sínum ef fólk fer að eiga kost á eðlilegum lánnum til að koma sér þaki yfir höfuðið.

Örn Erlendsson.

## Ert þú að nýta rétt þinn?

### Styrktarsjóður BSRB

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar er aðili að Styrktarsjóði BSRB eins og flest önnur aðildarfélög þess. Sjóðnum er ætlað að styrkja þjálfun, forvarnir og ýmiskonar fyrirbyggjandi aðgerðir s.s. sjúkraþjálfun, sjúkranudd, líkamsrækt, skoðun hjá leitarstöð Krabbameinsfélagsins og hjá Hjartavernd. Kynnið ykkur reglur um sjóðinn og hver er ykkar réttur.

Einnig er sjóðnum ætlað að greiða dagpeninga í veikindum félagsmanna (80%) sem eiga minna en 360 daga veikindarétt, eftir að sanningsbundnum launagreiðslum frá atvinnurekanda lýkur. Sjóðurinn er til húsa að Grettisgötu 89, 1. hæð **sími 525-8380**

[www.styrktarsjodur.bsrb.is](http://www.styrktarsjodur.bsrb.is), [fos@fos.is](mailto:fos@fos.is)

# Vinnustaðaheimsókn í Ráðhúsið

Ásdís Björnsdóttir skrifstofustjóri Rekstrar- og þjónustuskrifstofu tók á móti ritstjóra í vinnustaðaheimsókn.

Ráðhúsið hýsir yfirstjórn borgarinnar auk ýmissa stoðdeilda fyrir stofnanir og fyrirtæki hennar. Þar er að finna skrifstofur borgarstjóra- og borgarritara, borgarstjórnar og borgarlögmanns. Auk þess er innri endurskoðun ný deild innan Ráðhússins og svo hafa borgarfulltrúar starfsaðstöðu í Ráðhúsi.

Helga Jónsdóttir stýrir Stjórnsýslu- og fjármálasviði. Undirdeildir þess eru fjármáladeild, kjarapróunardeild, borgarbókhald, rekstrar- og þjónustuskrifstofa og upplýsingatækniþjónusta. Þróunar- og fjölskyldusvið er undir stjórn Kristínar Á. Árnadóttur.

Að sögna Ásdísar, sem hefur starfsmannahald Ráðhússins með höndum, hefur markvisst verið unnið að því að auka starfsánægju starfsmanna. Það hafa verið gerðar viðhorfskannanir einu sinni á ári sl. fjögur ár. Unnið hefur verið úr þeim könnunum sem nýst hefur sem leiðarljós við gerð starfsáætlana. Dregið hefur verulega

úr starfsmannaveltu og starfsánægja hefur aukist á síðustu fjórum árum.

Nú hefur verið komið á fót svokölluðum „innri vef“ fyrir alla starfsmenn borgarinnar til reynslu fram að áramótum, sem síðan verður formlega opnaður í janúar. Hann mun auðvelda notendum að fylgjast með því sem er í deigluinni.

Frá 1999 hefur verið unnið markvisst fræðslustarf í Ráðhúsinu byggt á starfsmannasamtölum og greiningu á fræðsluþörf starfsmanna. Skipulagt hefur verið svokallað fræðslutorg Ráðhússins (námsvísir) fyrir hverja önn.

Á göngu sinni um Ráðhúsið fékk ritstjóri að smella af nokkrum myndum af fólki við störf sín sem sjá má hér.

Fréttabréfið þakkar góðar móttökur í Ráðhúsinu og óskar starfsfólkinu alls hins besta.

Við viljum hvetja starfsmenn borgarinnar til þess að skoða innri vefinn [www.rvk.is/innri](http://www.rvk.is/innri)



*Ingibjörg og Sigríður á skrifstofu borgarstjórnar*



*Gunnar, Bjarney, Ásthildur og Anton*



*Fyrstur að morgni – síðastur heim.*



*Nina, Þorlákur og Soffía á föstudagsfundi*



*Morgunverðarborð á fjármálasviði. Snorri, Bryndís, Bára, Guðrún, Gyða og Guðrún Pálsdóttir*




*Sigurlaug og Guðrún*



*Ólafur, Ásdís, Anna og Anna Gréta*



*Sýlvía og Ragnheiður, andlit Ráðhússins*



*Sigríður, situr fyrir svörum í Ráðhúsinu*



*Áhugasamir starfsmenn á námskeiði...*



*...ásamt Þórkötu Aðalsteinsdóttur leiðbeinanda*



*Sigrún Inga, Herdís, Karl og Helgi Þór úr fjármáladeild*



*Sigurður, Svanur, Ástvaldur og Þórir, vaskir menn*

# Nýtt Fulltrúaráð kjörið frá c

## 1. deild: Ráðhúsið, Félagsþjónustan, ISR, skrifst. Leikskóla Rvk.

Aðalmenn:		Varamenn:	
Filippus Jóhannsson	Félpj. Síðumúla	Viðar Gunnarsson	FÞ Skúlagötu
Einar Guðmundsson	FÞ Tölvud. Síðumúla	Rúnar B Sveinsson	Ráðhús
Álfhildur Hallgrímsdóttir	FÞ Hvassaleiti	Karen Aradóttir	FÞ Álfabakka
Lóa Birna Birgisdóttir	FÞ Síðumúla	Anna G Norðfjörð	FÞ Skúlagötu
Elin Þórðardóttir	Barnavernd	Stella Sigurðardóttir	FÞ Skúlagötu
Bragi Guðmundsson	FÞ Vitatorgi	Sylvía Briem	Ráðhús
Inga Birna Sigfúsdóttir	Miðgarður	Guðrún Árnadóttir	FÞ Skúlagötu
Helga Laxdal	FÞ Síðumúla	Sigurlaug Marinósd.	Félagsþjónustan
Garðar Jóhannsson	Skrifst. Leikskóla Rvk.	Anna Sigríður Þorleifsd.	Innk.stofn Rvk.
Gerður Magnúsdóttir	FÞ Vesturgarður	Erla Magnúsdóttir	Seljahlið
Lára Júlíusdóttir	Ráðhús .	Herdis Jóhannsdóttir	FÞ Furugerði

## 2. deild Orkuveita Reykjavíkur

Aðalmenn:		Varamenn:	
Kristján A Jóhannesson	Orkuveita	Þuríður Pétursdóttir	Orkuveita
Þórunn Aldís Pétursdóttir	Orkuveita	Hörður Eyjólfsson	Orkuveita
Simon Ágúst Sigurðsson	Orkuveita	Ásdís Þorsteinsdóttir	Orkuveita
Súsanna Erla Oddsdóttir	Orkuveita	Steindór Steindórsson	Orkuveita
Jón Höskuldsson	Orkuveita	Linda Mogensen	Orkuveita

## 3. deild Reykjavíkurhöfn

Trúnaðarmaður:	
Þórdís Björk Sigurgestsd.	Reykjav.höfn

## 4. deild Umhverfis- og tæknisvið

Aðalmenn:		Varamenn:	
4. deild Anna Árnadóttir	Bókh. Borgarverkfr.	4. deild Þórir Axelsson	Bílastæðasjóður
4. deild Þóra Sigurðard.	Fasteignastofa	4. deild Heiðís Hrafnkelsd.	Skrifst. Borgarverkfr.
4. deild Sigríður K Þórisd.	Byggingafulltrúi	4. deild Pétur Kristjánsson	Byggingadeild

## 5. deild B-hluti: Skýrr hf., Félagsbústaðir ofl.

Trúnaðarmenn:		
5. deild Jón G Björgvinsson	Skýrr hf	
5. deild Stefán Jónasson	Félagsbústaðir	

## 7. deild Landspítali Háskólasjúkrahús

Aðalmenn:		Varamenn:	
7. deild Bryndís Þorsteinsd.	Röntg. LSH Fossvogi	7. deild Jóna Jónsdóttir	Dld.stj. Innkaupasvið
7. deild Jón Ingi Hilmarsson	Hugbúnaðardeild	7. deild Guðný Sigr. Kristjánsd.	Ræsting
7. deild Bryndís Steinsdóttir	Slysa- og bráðasvið	7. deild Ingibjörg Sigurjónsd.	Slysa- og bráðalækn.
7. deild Sigurberg Ólafsson	Öryggisvarsla	7. deild Dagný Austan Vernharðsd.	Sameindalíffræðideild

## 8. deild Fræðslumál

Aðalmenn:		Varamenn:	
8. deild Bryndís Oddsdóttir	Breiðag.skóla	8. deild Ragnheiður Hjálmarsdóttir	Námsfl. Rvk.
8. deild Auður Ingólfssdóttir	Öskjuhl.skóla	8. deild Bjarnheiður Þrastard.	Foldaskóla
8. deild Þröstur Harðarson	Háteigsskóla	8. deild Sigríður K Snorradóttir	Breiðag.skóla
8. deild Jón Gunnar Sveinsson	Austurb.skóla	8. deild Brynja Bjarnadóttir	Foldaskóla
8. deild Líney B Pétursdóttir	Borgaskóla	8. deild Eygló Ólafsdóttir	Rimaskóla
8. deild Hallgerður Inga Gestsdóttir	Fræðslumiðstöð	8. deild Guðbjörg Björnsdóttir	Hlíðaskóla
8. deild Gísli Eiríksson	Ölduselsskóla	8. deild Guðlaug Yngvadóttir	Árbæjarskóla
8. deild Munda K Jóhannsdóttir	Langholtsskóla	8. deild Aldís Guðmundsdóttir	Fellaskóla
8. deild Steinunn Þórisdóttir	Selásskóla	8. deild Einar Steinsson	Fræðslumiðstöð
8. deild Sæmundur Pétursson	Borgaskóla	8. deild Guðbjörg Árnadóttir	Fellaskóla
8. deild Sigrún Bárðardóttir	Langholtsskóla	8. deild Þórunn Rut Þorsteinsdóttir	Árbæjarskóla
8. deild Nils Kjartan Guðmundsson	Fræðslumiðstöð	8. deild Margrét R Ólafsdóttir	Árbæjarskóla
8. deild Ragnar Ágústsson	Fellaskóla	8. deild Björg Elísabet Guðmundsd.	Engjaskóla
8. deild Guðrún Halldórsdóttir	Hamraskóla	8. deild Bergur Guðnason	Klébergsskóla
8. deild Lovísa Guðmundsdóttir	Safamýrarskóla	8. deild Jóhanna H Jóhannsdóttir	Húsaskóla

# október 2003- október 2005



## 9. deild Strætó bs.

Aðalmenn:			Varamenn:		
9. deild	Ágúst Þorsteinsson	Strætó bs.	9. deild	Ólafur Antonsson	Strætó bs.
9. deild	Bragi Ragnarsson	Strætó bs.	9. deild	Svanur Pálsson	Strætó bs.
9. deild	Guðmundur Guðmundsson	FÞF	9. deild	Hilmar Ingi Jónsson	Strætó bs.
9. deild	Úlfur Einarsson	Strætó bs.	9. deild	Einar K Friðriksson	Strætó bs.
9. deild	Valdimar Jónsson	Strætó bs.	9. deild	Ingunn Guðnadóttir	Strætó bs.

## 11. deild Leikskólar Reykjavíkur

Aðalmenn:			Varamenn:		
11. deild	Ella Þóra Jónsdóttir	Múlaborg	11. deild	Lilja María Snorradóttir	Dvergasteini
11. deild	Elísabet Auður Torp	Suðurborg	11. deild	Markús Már Diego	Jörfa
11. deild	Hildur Guðrún Hauksd.	Sæborg	11. deild	Svanhildur Jónný Áskelsd.	Sólborg

## 12. deild Gæsluleikvellir

Aðalmenn:			Varamenn:		
12. deild	Laufey Jónsdóttir	Hamravík	12. deild	Ásdís Jónsdóttir	Vesturbær
12. deild	Þóra Guðmundsdóttir	Fífuseli	12. deild	Jónína Stefánsdóttir	Fröðengi

## 13. deild Söfn

Aðalmenn:			Varamenn:		
13. deild	Einar Ólafsson	Borgarbókasafni	13. deild	Dagný Guðmundsdóttir	Árbæjarsafni
13. deild	Guðríður Sigurbjörnsdóttir	Borgarbókasafni	13. deild	Hólmfríður Ólafsdóttir	Gerðubergi
13. deild	Njörður Sigurðsson	Borgarskj.safni	13. deild	Berglind Snorradóttir	Gerðubergi
13. deild	Ragnheiður Blandon	Foldasafni	13. deild	Erna Olsen	Sólheimasafni

## 14. deild Eftirlaunaþegar

Aðalmenn:			Varamenn:		
14. deild	Birna Helgadóttir	Lífeyrisþegi	14. deild	Þórir G Ísfeld	Lífeyrisþegi
14. deild	Aðalsteinn M Richter	Lífeyrisþegi	14. deild	Þorgrímur Sigurðsson	Lífeyrisþegi
14. deild	Elín S Guðmundsdóttir	Lífeyrisþegi	14. deild	Ögmundur Stephensen	Lífeyrisþegi
14. deild	Grétar Eiríksson	Lífeyrisþegi	14. deild	Jóhannes Kolbeinsson	Lífeyrisþegi
14. deild	Hjördis Guðmundsdóttir	Lífeyrisþegi	14. deild	Atli Ágústsson	Lífeyrisþegi
14. deild	Hulda Kristjánsdóttir	Lífeyrisþegi	14. deild	G. Óskar Jóhannsson	Lífeyrisþegi
14. deild	Sverrir Axelsson	Lífeyrisþegi	14. deild	Karl J Ormsson	Lífeyrisþegi

## 16. deild Íþrótt- og tómstundaráð

Aðalmenn:			Varamenn:		
16. deild	Ragnhildur Helgadóttir	Fríkirkjuvegi 11	16. deild	Rafn Guðmundsson	Íþrm. Austurb.
16. deild	Trausti Jónsson	Miðberg	16. deild	Ágústa Guðmundsdóttir	Sundhöll Rvk
16. deild	Alfred Alfredsson	Sundl. Grafarv.	16. deild	Auður Kristín S Welding	Hitt húsið
16. deild	Gerður Dýrfjörð	Gufunesbær	16. deild	Bjarney Magnúsdóttir	Gufunesbær
16. deild	Hrefna Pálsdóttir	Frostaskjól	16. deild	Jóhann Guðmundsson	Árbæjarlaug
16. deild	Ása Hauksdóttir	Hitt húsið	16. deild	Rúna Garðarsdóttir	Fríkirkjuvegi 11
16. deild	Guðbjörg Magnúsdóttir	Félagsm.st. 101	16. deild	Anna Guðmundsdóttir	Gufunesbær
16. deild	Unnur Sigurþórsdóttir	Fjölsk. og húsd.g.	16. deild	Elvar Gunnarsson	Miðberg
16. deild	Inga Tómasdóttir	Árbæjarlaug	16. deild	Barbara Kristín Kristjánsdóttir	Miðberg
16. deild	Pála Kristjánsdóttir	Miðberg	16. deild	Magnús A Sveinbjörnsson	Miðberg

# Hugmyndavinna um þjónustumiðstöðvar

## – Ragnhildur Helgadóttir skrifar

Undirbúningur að stofnun þjónustumiðstöðva í öllum hverfum borgarinnar er nú hafin. Um er að ræða þverpólitískt samkomulag stjórnkerfisnefndar frá janúar sl. en í þeirri nefnd sitja bæði fulltrúar R og D lista. Í samþykkt borgarráðs frá 28. janúar 2003 segir: „Útfærðar verði hugmyndir um þjónustumiðstöðvar sem stofnaðar verði og starfræktar í borgarhlutum eða hverfum borgarinnar“.

Þjónustumiðstöðvum er ætlað að koma í stað samsvarandi þjónustu sem nú er veitt hjá stofnunum Reykjavíkurborgar. Gefnar forsendur eru hagræðing til lengri tíma litið og er hvorki gert ráð fyrir fækkun eða fjölgun starfsfólks. Byggt er á reynslu á hverfatengdri þjónustu m.a. tilraunaverkefnum í hverfistengdri þjónustu í Miðgarði í Grafarvogi frá 1997 og Vesturgarði í Vesturbæ frá 2002. Segja má að þróunin undanfarin ár hafi orðið sú að þjónusta borgarstofnana hefur færst í auknum mæli út í hverfin. Grunnskólar, leikskólar, sundlaugar, íþróttafélög, bókasöfn, félagsmiðstöðvar og ýmskonar félagsþjónusta er starfrækt í flestum hverfum borgarinnar og flokkast nú sem sjálfsgöð nærþjónusta. Þetta hefur gerst samhliða fólksfjölgun og því að Reykjavík breyttist úr bæ í borg. Þar með kom upp ofangreind þörf á að búa til kerfi til að greina hverfi borgarinnar í sundur. Þjónustumiðstöðvar eru dæmi um slíkt kerfi en meginmarkmið þeirra er að:

- samþætta verkefni og auka samvinnu á milli fagaðila borgarinnar sem þegar vinna úti í hverfunum þannig að þjónusta Reykjavíkurborgar skili sér betur til íbúanna
- efla samvinnu borgarinnar og íbúa, þjónustumiðstöðvar verði aflvaki hverfisverkefna
- létta borgarbúum sporin með miðstöð í næsta nágrenni
- auka áherslu Reykjavíkurborgar á upplýsingamiðlun samhliða stofnun þjónustumiðstöðva.

Með stofnun þjónustumiðstöðva ætla borgaryfirvöld að samhliða færast þjónustan nær borgarbúum og íbúalýðræði eflist. Hverfisráð hafa verið skipuð í öllum hverfum borgarinnar, í kjölfar samþykktar borgarstjórnar frá febrúar 2002, til að efla lýðræði og auðvelda borgarbúum aðgang að stofnunum og ákvarðanaferli í stjórnskipan borgarinnar. Stjórnkerfi borgarinnar mun þó áfram verða byggt á núverandi fagnefndum og stefnumótun á hverju sviði verður áfram á ábyrgð viðkomandi fagnefnda. Hverfisráðin starfa sem samráðsvettvangur í hverfum og hafa jafnframt það hlutverk að stuðla að eflingu hvers konar hverfabundins samstarfs og samþætta hverfajónustu. Lögð verður áhersla á þátttöku lýðræði þ.e. að greiða leið borgaranna að ákvörðunum og stefnumörkun á vettvangi fagnefnda og hverfisráða.

Ennþá er verið að skoða ýmsa valkosti og útfærslur á þjónustumiðstöðvum en ennþá hefur ekkert verið ákveðið í þeim efnum. Þeir valkostir hafa þó einkum verið í skoðun en þeir eru:

1. Að flytja alla nærþjónustu fjölskyldustofnana Reykjavíkurborgar út í hverfin þ.e. þjónusta sem veitt er af: Félagsþjónustunni, Íþrótt- og tómstundaráði Rvk, Leikskólum Rvk, Fræðslumiðstöð, Vesturgarði, Miðgarði, skrifstofu menningarmála (bókasöfn) og þróunar- og fjölskyldusviði (upplýsingamiðlun)
2. Að flytja alla nærþjónustu á vegum Reykjavíkurborgar út í hverfin þ.e. ekki eingöngu fjölskyldustofnanir.
3. Að bjóða upp á alla nærþjónustu á vegum Reykjavíkurborgar og ríkisins í hverfunum s.s. hverfislögreglu, heilsgæslu, vinnumiðlun, málefni fatlaðra, fjármálaráðgjöf og umsýslu með tryggingabætur svo eitthvað sé nefnt.

Þróunar- og fjölskyldusvið Reykjavíkurborgar leiðir undirbúning að stofnun miðstöðvanna í hverfum. Til þess að tryggja breiða þátttöku úr borgarkerfinu við undirbúning verkefnisins skipaði borgarstjóri stýrihóp.

Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi er formaður og Regína Ástvaldsdóttir verkefnisstjóri. Að auki starfa fimm greiningarhópar til að vinna að afmörkuðum þáttum við undirbúning að stofnun þjónustumiðstöðvanna. Þessir hópar hafa verið að skoða fjármál, starfsmannamál, þjónustuþætti, upplýsingatækni og lög og reglugerðir. Hóparnir hafa lokið fyrsta áfanga í greiningarvinnunni og þegar þetta er ritað er stýrihópurinn með tillögur allra greiningarhópanna til umfjöllunar, sem og upplýsingar erlendis frá og er að mynda heildstæðar tillögur um þjónustumiðstöðvarnar. Stýrihópurinn skilar af sér til stjórnkerfisnefndar í desember. Þá mun stjórnkerfisnefnd taka afstöðu til tillagna og senda fagnefndum og hverfisráðum til umsagnar. Eftir að stjórnkerfisnefnd hefur unnið úr innsendum athugasemdum frá nefndum og ráðum mun hún senda endanlegar tillögur til borgarráðs í janúar 2004. Ef tillögurnar um þjónustumiðstöðvarnar verða samþykktar muna þær taka til starfa í byrjun árs 2005.

Fyrirhugaðar breytingar ættu ekki að snerta hinn almenna starfsmann mikið og eins og fyrr segir þá er hvorki gert ráð fyrir fjölgun eða fækkun starfsfólks. Starfsmannastefna Reykjavíkurborgar mun ávallt vera höfð að leiðarljósi en þar er gert ráð fyrir að starfsmenn séu viðbúinir þróun og breytingum og taki þátt í þeim. Starfsmenn og stéttarfélög eiga að geta treyst að haft sé við þá samráð að frumkvæði Reykjavíkurborgar sem ber að taka fullt tillit til ákvæða starfsmanna- og jafnréttisstefnu borgarinnar og eftir atvikum kjarasamninga.

Á [www.rvk.is/innri](http://www.rvk.is/innri) er að finna hagnýtar upplýsingar fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar af undirbúningi þjónustumiðstöðvanna. Dagur B. Eggertsson tekur jafnframt við ábendingum eða fyrirspurnum varaðndi þjónustumiðstöðvar. Netfang Dags er: [dagur@reykjavik.is](mailto:dagur@reykjavik.is)

**Ragnhildur Helgadóttir**  
**Jafnréttisráðgjafi ÍTR**

# Fræðslusetrið Starfsmennt-

## – Námskeið á næstunni

### Fræðslusetrið Starfsmennt

FRAMRÁS í Reykjavík - nám fyrir skrifstofufólk

Framrás – nám fyrir skrifstofufólk í störfum hjá hinu opinbera hefur hlotið frábærar viðtökur undanfarin misseri. Á námskeiðinu er fjallað um fjölmörg atriði, sem nýtast skrifstofufólki vel í vinnu sinni og verkefnum. Í Reykjavík hefur Endurmenntun HÍ verið umsjónaraðili námsins og hefur Endurmenntun staðið einkar vel að öllu er lýtur að stjórnun þess og þjónustu við nemendur. Á vorönn 2004 er í athugun að bjóða námskeiðið á fleiri stöðum út um land, en þau áform skýrast ekki fyrr en eftir áramót og verða þau verkefni kynnt sérstaklega síðar.

Framrás skiptist í þrjár sjálfstæðar námskeiðslínur. Þær eru:

#### **Framrás 1 - ég og starfið**

#### **Framrás 2 - góð þjónusta**

#### **Framrás 3 - markviss vinnubrögð og vinnuumhverfi**

Hægt er að taka þátt í einstökum námskeiðslínum eða öllum, allt eftir því hvað umsækjendur telja henti sér best. Umsóknum skal skila bréfleiddis til Fræðslusetursins Starfsmenntar eða senda þær með símbréfi í 525-8399. Námskrá, stundatöflur og umsóknareyðublöð er að finna á heimasíðu Starfsmenntar; [www.smennt.is](http://www.smennt.is).

Nokkuð hefur verið um það að félagar annarra stéttarféлага en þeirra, sem beina aðild eiga að Fræðslusetrinu Starfsmennt, hafi óskað eftir því að taka þátt í námskeiðum setursins. Þeim aðilum er velkomið að taka þátt í námskeiðunum, en þeir þurfa þá að greiða námskeiðsgjald, sem nemur kostnaði við þátttöku í viðkomandi námskeiði. Þó er sú meginregla í gildi að félagar aðildarféлага setursins ganga fyrir við inntöku nemenda ef umsóknir eru of margar. Umsóknarfrestur er til 26. janúar 2004.

Miðað er við að fjöldi þátttakenda á hverri Framrás verði ekki fleiri en 25. Að jafnaði er kennt tvisvar í viku frá kl. 08.30 – 12.30. Vakin er athygli á að full mætingarskylda er á námskeiðunum.

### FRAMRÁS 1 - ég og starfið

(36 stundir), þar sem lögð verður áhersla á eftirfarandi þætti:

- Samskipti, ágreiningur og liðsheild.
- Starfsþróun, starfsframi, vinna og einkalíf.
- Tilfinningagreind, sjálfstraust og starfsánægja.
- Að takast á við breytingar.
- Streita og álag.

Kennslutímar eru:

Mánudagur 9. febrúar  
Mánudagur 16. febrúar

Fimmtudagur 19. febrúar  
Mánudagur 23. febrúar  
Fimmtudagur 26. febrúar  
Mánudagur 1. mars  
Fimmtudagur 4. mars  
Mánudagur 8. mars  
Fimmtudagur 11. mars

### FRAMRÁS 2 - góð þjónusta

(36 stundir), þar sem lögð verður áhersla á eftirfarandi þætti:

- Síma- og tölvusvörun.
- Þjónusta, framkoma og viðmót.
- Ráðgjafarfærni.
- Þjónustumenning og gæði í þjónustu.
- Að eiga við erfiða viðskiptavini.

Kennslutímar eru:

Mánudagur 15. mars  
Fimmtudagur 18. mars  
Mánudagur 22. mars  
Fimmtudagur 25. mars  
Mánudagur 29. mars  
Fimmtudagur 1. apríl  
Mánudagur 5. apríl  
Fimmtudagur 15. apríl  
Mánudagur 19. apríl

### FRAMRÁS 3 - markviss vinnubrögð og vinnuumhverfi

(40 stundir), þar sem lögð verður áhersla á eftirfarandi þætti:

- Tímastjórnun og markmiðasetning.
- Verkefnastjórnun, skipulagning og áætlanagerð.
- Fundarstjórnun og fundarritun.
- Framkoma og ræðumennska.
- Að starfa hjá hinu opinbera; kjarasamningar, réttindi og skyldur, lög og reglur.

Kennslutímar eru:

Mánudagur 26. apríl  
Fimmtudagur 29. apríl  
Mánudagur 3. maí  
Fimmtudagur 6. maí  
Mánudagur 10. maí  
Fimmtudagur 13. maí  
Mánudagur 17. maí  
Mánudagur 24. maí  
Fimmtudagur 27. maí  
Fimmtudagur 3. júní

## Fulltrúar St.Rv. virkir á BSRB þingi



Fulltrúar Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar voru 27 á 40. þingi BSRB sem fram fór dagana 22.-24. október sl. Fulltrúarnir tóku virkan þátt í málefnanefndum og umræðum sem fram fóru á þinginu



Framkvæmdanefnd stjórnar BSRB var endurkjörin. Formaður BSRB Ögmundur Jónasson, 1. varaformaður BSRB Sjöfn Ingólfssdóttir, 2. varaformaður Jens Andrésson, gjaldkeri Jónas Magnússon og ritari Elín Björg Jónsdóttir



Einar Ólafsson stígur í pontu á þingi. Þórveig og Ína stýrðu þinginu af mikilli röggsemi

## Ársfundur BSRB



*Fulltrúar aðildarféлага BSRB hlusta af mikilli athygli á erndi, en auk þess voru venjuleg aðalfundarstörf á dagskrá*



*Gunnar Páll Pálsson, frá Fjármálaeftirlitinu kom og flutti erndi um hlutverk þess við eftirlit lífeyrissjóða*

Ársfundur BSRB var haldinn 28. nóvember sl. Eftir að hefðbundnum aðalfundarstörfum var lokið komu góðir gestir á fundinn.

Grétar Már Sigurðsson skrifstofustjóri Utanríkisráðuneytisins fjallaði um stöðu EES samningsins.

Framkvæmdastjórar lífeyrissjóða fjölluðu um stöðu sjóðanna. Það voru þeir Haukur Hafsteinsson frá LSR, Sigurbjörn Sigurbjörnsson frá Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda, en Jón G. Kristjánsson frá LSS var forfallaður.

Páll Gunnar Pálsson forstjóri Fjármálaeftirlitsins fór yfir það í hverju eftirlit stofnunarinnar felst gagnvart lífeyrissjóðunum.



*Sigurbjörn Sigurbjörnsson og Haukur Hafsteinsson*



Mönnum er gefinn nægur tími til að njóta hins ljúfa lífs.  
Sá er bíður síns tíma gefst of margt, en þeim sem seinn er til of fátt.  
Veruleikinn birtist ekki í leitinni að gleðinni  
heldur í því að deila gleðinni yfir því smáa sem á fjörurnar rekur.  
Það kemur alltaf meiri tími.



# Jólaball

Starfsmannafélag  
Reykjavíkurborgar

&

Starfsmannafélag ríkisstofnana

minna á sameiginlegt jólaball sem verður  
haldið á

Hótel Sögu Súlnasal

Sunnudaginn 28. desember frá kl. 16-18

Hljómsveit hússins sér um fjörið

Jólasveinar koma í heimsókn

Veitingar

